



169. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 17. desember 2009 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helgi Sigurðsson og Jón Gestur Viggósson.

Þetta gerðist:

1. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson ræddi stöðu mála varðandi ólympísk verkefni.

Vancouver 2010

Undirbúningur er á áætlun. Framkvæmdastjóri ÍSÍ og sviðsstjóri Afrekssviðs voru í Vancouver í síðustu viku og þar er allt á tíma. Fundað var með ræðismanni Íslands í Vancouver, Heather Öldu Ireland og formanni Íslendingafélagsins þar, Kristjönu Helgason. Mikil eftirvænting er hjá þessum aðilum að hitta íslenska Ólympíuhópinn og mögulega standa fyrir móttöku fyrir hópinn. Endanlegur keppnishópur mun ekki liggja fyrir fyrr en í lok janúar.

YOG Singapore 2010

Farið var yfir stöðu mála. Aðalfararstjórafundur verður haldinn í Singapore í mars nk. Reglulegir fundir eru haldnir með þeim sérsamböndum sem mögulega geta sent keppendur á leikana.

London 2012

Verið að skoða möguleika á æfingabúðum í tengslum við leikana. Vætanlega verður kallað eftir undirbúningshópi frá sérsamböndum í janúar nk. til að hafa yfirsýn yfir umfang þátttökunnar.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afrekssviðs sóttu fyrsta kynningarfund undirbúningsnefndar London 2012 í desember sl.

2. Íþróttamaður ársins

Hófið verður haldið 5. janúar 2010 á Grand Hótel Reykjavík í samstarfi við Samtök íþróttafréttamanna og RÚV.

3. Fjárlagafrumvarp 2010

Forseti skýrði frá því að 15 milljónir hefðu komið til leiðréttingar á fjárlagaliðnum „Almennur rekstur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands“. Aðrar breytingar komu ekki til frá 2. umræðu Alþingis.

Fundarmenn létu í ljós óánægju með skerðingu á ríkisstyrk til sérsambanda að upphæð 6,7 m.kr. og ferðasjóði Íþróttafélaga sem segja má að hafi orðið fyrir 33 m.kr. skerðingu miðað við gerðan samning við ríkisvaldið um sjóðinn á tímabilinu 2007-2009.

4. Séríþróttagreinanefndir ÍSÍ

Kraftlyftinganefnd ÍSÍ

Nefndin hefur óskað eftir stofnun sérsambands um kraftlyftingaíþróttir. Lögð fram drög að lögum sambandsins. Lögnum vísað til Laganefndar ÍSÍ. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi.

Hnefaleikanefnd ÍSÍ

Forseti mun funda með Hnefaleikanefnd ÍSÍ varðandi þeirra stöðu.

Hafna- og mjúkboltanefnd ÍSÍ

Óskað hefur verið eftir því að ÍSÍ stofni Hafna- og mjúkboltanefnd ÍSÍ. Ákvörðun um málið frestað.

Skrifstofu ÍSÍ falið að útbúa leiðbeinandi ramma um vinnuferli við stofnun séríþróttagreinanefnda ÍSÍ.

5. Knattspyrnusamband Íslands

Lögð fram greinargerð frá Knattspyrnusambandi Íslands vegna atviks tengdu fjármálastjóra KSÍ í Zürich árið 2005 en ÍSÍ óskaði eftir greinargerð frá sambandinu vegna málsins.

6. Heiðranir

Forseti sótti 75 ára afmælishóf Umf. Sindra og sæmndi Albert Eymundsson Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

60 ára afmælishóf Landssambands hestamannafélaga verður haldið á morgun, 18. desember, og mun forseti sækja hófið. Samþykkt að heiðra *Rosemarie Þorleifsdóttir* og *Kára Arnórsson* Gullmerki ÍSÍ við þetta tækifæri fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

7. Fyrirmyndarfélög

Samþykkt að veita þremur deildum Gróttu viðurkenningar sem Fyrirmyndardeildir ÍSÍ og Gróttu í heild viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ þann 29. desember nk. Forseti og framkvæmdastjóri munu mæta við afhendinguna.

Sigríður Jónsdóttir afhenti Golfklúbbum Leyni viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ 1. desember sl.

8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 168. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 3. desember 2009
- 27. fundur SÍÓ frá 24. nóvember 2009

- 51. fundur Almenningsíþróttasviðs frá 19. nóvember 2009
- 2. fundur Kvennahlaupsnefndar frá 26. nóvember 2009
- Afrekssviðs frá 15. desember 2009
- Afrekssjóðs frá 15. desember 2009.

Örn fylgdi úr hlaði tillögum að breytingum á Reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ. Samþykkt með fyrirvara um afgreiðslu Laganefndar ÍSÍ.

9. Viðburðir

Fram að næsta fundi:

- Afmælishátíð LH í Iðnó 18. desember
- Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar, 29. des. Fyrirmyndarfélag - afhending til Gróttu, 29. des.
- Íþróttamaður ársins, Grand Hótel 5. janúar 2010
- Reykjavík International Games 15.-17. janúar 2010
- EM í handknattleik í Austurríki 19.-31. janúar 2010

Til lengri tíma litið:

- Vetrarólympíuleikar í Vancouver, 12.-27. febrúar 2010
- Ólympíumót fatlaðra í Vancouver, 12.-21. mars 2010
- EOC Seminar, Malta 28.-29. maí 2010
- Norrænn fundur íþróttasambanda og ólympíunefndar, 11.-12. júní 2010 í Bosön í Svíþjóð
- Heimsráðstefna íþróttar fyrir alla, Jyvaskyla í Finnlandi 14.-17. júní 2010
- Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25. ágúst 2010
- Aðalfundur ANOC, Acapulco í Mexíkó 21.-23. október 2010
- Heimsráðstefna um íþróttir, menntun og menningu, 6.-7. desember í Durban í Suður-Afríku
- Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19. febrúar 2011
- Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-27. júlí 2011
- Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30. maí - 4. júní 2011
- Ólympíuleikar í London 7. júlí - 12. ágúst 2012

10. Næstu fundir

Ákveðið að næstu fundir verði haldnir 28. janúar og 4. mars 2010.

11. Önnur mál

Magma

Forseti skýrði frá undirritun samkomulags við Magma Energy Corp. í Vancouver um samstarf fram yfir leikana í Vancouver.

Magma er samstarfsaðili ÍSÍ fram yfir Vetrarólympíuleikana í Vancouver. Ross Beaty forstjóri Magma og Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ undirrituðu samstarfssamninginn við Svartsengi í byrjun desember.

Reglugerð Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ.

Lögð fyrir reglugerð Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ með áorðnum breytingum. Samþykkt.

Lagamál

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar hefur sent inn lagfærð lög félagsins. Búið er að lagfæra lögin í takt við áður gerðar athugasemdir ÍSÍ.

Lög félagsins staðfest.

Háttvísi í íþróttum

Í ljósi alvarlegra óhappa sem orðið hafa í knattspyrnu á þessu ári samþykkir framkvæmdastjórn ÍSÍ að beina þeim tilmælum til sérsambanda ÍSÍ að þau hvetji iðkendur sína að sýna háttvísi í hvívetna við iðkun og keppni í íþróttum. Einnig að þau hvetji þjálfara og dómara að gæta þess í störfum sínum að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir alvarleg óhöpp í íþróttum.

Ákveðið að fræðslusvið ÍSÍ skoði möguleika á fræðslu eða átaki á jákvæðum nótum um þessi mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari